

Ed.

677. Nefndarálit

[204. mál]

um frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., en einn nefndarmanna (FRV) var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. 3. mgr. Í stað orðanna „samkvæmt tillögu bókafulltrúa“ í niðurlagi mgr. komi: að fengnum tillögum bókafulltrúa.
2. Við 10. gr. 2. mgr. orðist svo:
Auglýsa skal stöður bókavarða og yfirbókavarða með minnst mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara.
3. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavarzla er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Auður Auðuns,
form., frsm.

Ólafur Björnsson,
fundaskr.

Friðjón Skarphéðinsson.

Páll Þorsteinsson.